

Eva Ágústa Aradóttir

3. júní 2020

Viðtal tekið fyrir verkefnið Fjaðrafok

Spyrill: Felix Bergsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Friðrik Friðriksson

Digital 4K

© Krumma films ehf.

Ég heiti Eva Ágústa Aradóttir og ég er ljósmyndari.

*Felix: Og that's it. Svona fyrst, Eva Ágústa, ef þú getur sagt mér aðeins hvenær þú ferð að upplifa Gleðigönguna og kemur fyrst á vettvang.*

Sko ég upplifi Gleðigönguna, sko árin, það er svo langt síðan finnst mér að ég varla man þetta en fyrsta árið sem ég tek þátt í göngunni er 2008 og þá var ég með búddistum, hinsegin búddistar sem tóku þátt og við, ég held að við höfum verið að gera þetta bara svona korter í, þannig það var enginn pallur eða neitt svoleiðis og við bara fengum einhvers konar, ég veit ekki, vinnupall eða eitthvað á hjólum og svo um leið og pallurinn stoppaði þá þurfti maður að halda sér í því um leið og hann fór aftur af stað þá bara kipptist maður til og þannig var öll gangan niður Laugaveg því hún fór niður Laugavegin og það var bara allt, þú veist, hérna og svo er maður að veifa öllum og aftur. Það var ofboðslega gaman sko.

*Felix: Lýstu aðeins upplifuninni, hvernig var að vera á palli?*

Sko, ég var einmitt búin að sjá og heyra fólk vera að upplifa sig, þetta var svo gaman og það var dansað og það var það sem ég upplifði gönguna rosalega mikið, þessu miklu gleði. Og ég hafði eitthvað verið að taka myndir en svo þegar að ég fer upp á pall sjálf, þetta var svo mikið adrenalínkikk, það er eins og ég hefði alveg eins getað drukkið einhverja bjóra (*hlær*) sem ég náttúrulega gerði ekki en þetta var bara svo mikið vímuástand eftir á. Það voru allir í kringum mann svo ofboðslega glaðir og ég var í svona homemade fiskabúningi einhverjum sem var bleikur og blár með litlum einhverjum svona skeljum svona saumuð öll og það vildu allir koma og taka mynd af mér og það vildu allir segja hæ og ég held ég hafi aldrei upplifað annað eins fjör og gleði og samhug einhvern veginn með okkur sem vorum hinsegin, þannig að.

*Felix: En þú hafðir verið að taka myndir, segðu mér aðeins frá því.*

Já, sko, ég er náttúrulega búin að hafa ljósmyndaáhugann í þónokkur ár síðan ég var svona tvítug og ég hafði bara verið svona mest að taka myndir fyrir mig og þá tók ég myndir af göngunni og það var svona, það voru ekki eins margir að taka myndir akkurat þá eins og í dag. Það eru allir farnir að taka myndir. Þú veist það finnst öllum frábært, það eiga allir geggjaða síma og þetta er allt eitthvað svo, maður bara hálf bliknar með myndavélina við hliðina á sér þó maður viti að hún kosti miklu meira og sé miklu flottari og allt það, þá er þetta samt orðið svo ótrúlega flott. En þetta var bara ofboðslega, þetta var svo mikil litadýrð og gleði og það var það sem var svo gaman að mynda og svo sem sagt meðfram því að hafa tekið nokkrum sinnum þátt í göngunni, þá var ég meira eða minna að taka myndir næstu árin.

*Felix: Og hvenær kemuru svo á vettvang? Hvenær kemuru svo á vettvang Trans Íslands?*

Ég hugsa, sko ég kem ekki út almennilega fyrr en 2011-12 kannski þannig ég hugsa að ég sé að koma þá í gönguna á vegum Trans Ísland. Já, eins og ég segi, ég er rosalega ung en samt er ég með minni á við gamla konu (*Hlær*).

*Felix: Geturðu eitthvað sagt mér um hvað þér finnst vera vægi göngunnar fyrir eins og t.d. Trans Ísland? Og transsamfélagið?*

Það er náttúrulega bara þessi sýnileiki, sýnileikinn á hinsegin fólk. Sko þegar ég er að koma, þegar ég er að skoða sjálfa mig, þú veist hver ég er, það eina sem ég hef til viðmiðunar eru dragdrottningar. Þú veist, það var það eina kvenlega sem ég sá sem að ég gat að einhverju leyti tengt við þó ég náttúrulega vissi að ég yrði ekki svona ofboðslega gorgeous og fabulous eins og þessar dragdrottningar. En það var þessi kvenleiki og það var það sem ég tengdi svo mikið við og þessi hinseginleiki og það að, þú veist, það er fólk sem er öðruvísi heldur en allt þetta gagnkynhneigða fólk. Það er meira í boði þó það sé ekki alveg orðrétt orðað þannig en það er miklu meira, já, og ég held líka að þessi sýnileiki, þú veist, það að það sé eitthvað annað en það að vera straight og það einhvern veginn opnar möguleikann í huga hvers og eins. „Kannski er ég bara svolítið kvenleg og hvað þýðir það? Get ég verið kvenlegur hommi?“ Og ég kom út sem hommi af því ég taldi mig einhvern veginn ég gæti verið þessi

kvenlegi hommi en svo náttúrulega var ég búin að vera hommi í nokkur ár og ég áttaði mig á að ég er enginn hommi. Ég er transkona. Og það er það sem að, ef við hefðum ekki haft gönguna og Hinsegin daga, þá er ég nokkuð viss um að við hefðum aldrei, eða ég hefði aldrei leyft mér að hugsa eins langt og ég gerði.

*Felix: Einmitt. En þú talar mikið um gleðina og það allt saman. Margir segja að baráttan sé á kostnað gleðinnar. Hvað finnst þér um það? Finnst þér baráttan vera á kostnað gleðinnar? Of mikil gleði og of lítil barátta?*

Ég bara, ég veit það ekki. Sko, ég held að við verðum svo rosalega hrædd við baráttuna að ef að, og það er bara mín skoðun, að ef að við einblínum það mikið á baráttuna að fólk verður jafnvel hrætt við að koma út en, sko, ég hef alltaf reynt að nota t.d. húnor í öllum mínum erfiðileikum og það er ýmislegt sem ég hef þurft að þola í gegnum ferlið mitt við að koma út sem kona, sem transkona. Og ef að ég hefði ekki notað húnorinn þá hefði ferlið tekið miklu lengri tíma hjá mér heldur en annað. Þannig að þessi mikla gleði, ég held sko á meðan við gleymum okkur ekki í gleðinni of mikið og höldum að þetta sé bara komið, að þá verður þetta að mínu viti bara þess virði að halda áfram. Og, þú veist, það er gleðin einhvern veginn og við finnum það, ég held að við finnum það öll hvort sem að við erum hinsegin eða ekki. Að þegar við brosum að þá smitar það annan og það er þessi gleði, þessi mikla gleði. En við meigum líka heldur ekki gleyma því að við verðum að halda áfram og við meigum ekki bara gerast einhverjir trúðar og segja að þetta sé bara allt frábært og svo innst inni erum við bara að mygla.

*Friðrik: -skipta um batterí.*

-

*Friðrik: Það rúllar.*

*Felix: Það rúllar. Svona kannski síðasta. Þegar að þú byrjar að koma sem ljósmyndari, upplifðiru strax að þessi ganga væri eitthvað fyrir þig?*

Já já, algerlega. Mér fannst, það er erfitt að setja fingurinn á nákvæmlega hvað það var til að byrja með en ég hugsa að hluti af mér hafi alltaf verið að sækjast í gönguna af því að ég sá mig svolítið þar þó að ég vissi ekki nákvæmlega hvernig. Af því þegar þú ert búin að vera lengi í skápnum þá, eða alla vega mín upplifun var sú að ég var það lengi í skápnum að ég einhvern veginn leyfði mér aldrei að fá rými til að átta mig á því hver ég væri. Þannig að það að hafa eitthvað eins og gönguna opnaði á einhverjar tilfinningar og hugsanir sem annars hefðu bara aldrei fengið rými til þess að koma fram í dagsljósið. Þannig að já ég myndi segja að það að ég fer að mynda eitthvað sem fyrir mér er rosa myndrænt, gleðin og litirnir og allt það, sé í rauninni, leyfðu mér að ensku-sletta þetta, trigger inn í það, nei trigger er ekki rétta orðið, alla vega svona, já það verður þannig að það leiðir til þess að það verður auðveldara að hugsa um sjálfan sig, hver ég er. Er ég hommi? Er ég dragdrottning? Er ég, þú veist, og allt þetta skilurðu.

*Felix: Framtíðin. Hvernig finnst þér að gleðigangan eigi að þróast? Hvernig sérðu fyrir þér þróunina?*

Þú segir nokkuð. Sýnileiki. Alger sýnileiki í það hver við erum og, með gleði náttúrulega en við meigum alveg líka leyfa okkur einhverja ádeilu, einhverja svona baráttu vegna þess að ef við gerum það sama nógu lengi þá verðum við samdauna því og þess vegna er gott að svona, ég segi ekki endilega hrista upp í en svona gera eitthvað nýtt. Og það er það sem að við tökum eftir, það er þetta nýja. Já.

*Felix: Frábært, geggjað. Mjög gott. Kærar þakkir.*